

Niðurstaða aðalfundar Fly Play hf. þann 6. apríl 2022

Aðalfundur Fly Play hf. var haldinn miðvikudaginn 6. apríl 2022, í lðnó, menningarhúsi við Tjörnina. Gögn vegna aðalfundar er að finna á vefsíðu félagsins <https://www.flyplay.com/corporate-governance>

Eftirtaldar tillögur félagsstjórnar voru allar samþykktar á fundinum:

Dagskrárliður # :

2. Samþykkt ársreiknings fyrir liðið starfsár

Ársreikningur fyrir árið 2021 var samþykktur.

3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með rekstrarniðurstöðu félagsins á liðnu starfsári

Tillaga félagsstjórnar um að ekki verður greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2021 var samþykkt.

4. Kosning stjórnar félagsins

Sjálfkjörið var í stjórn. Stjórn hefur þegar skipt með sér verkum. Í stjórn sitja:

- Einar Örn Ólafsson, stjórnarformaður
- Skúli Skúlason, varaformaður
- Auður Björk Guðmundsdóttir
- Guðný Hansdóttir
- María Rúnarsdóttir
- Sigurður Kári Kristjánsson (til vara)

5. Kosning endurskoðenda

Tillaga félagsstjórnar að endurskoðendafélagið Grant Thornton endurskoðun ehf. verði skipaður endurskoðandi félagsins var samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, varamanna og undirnefnda stjórnar

Tillaga félagsstjórnar um þóknunir var samþykkt. Tillagan var svohljóðandi: Stjórn félagsins leggur til að mánaðarleg þóknun stjórnarmanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 317.000. Greiðsla til varaformanns verði kr. 476.000 á mánuði og greiðsla til formanns kr. 634.000 á mánuði. Þá er lagt til að varamaður í stjórn fá greidda eingreiðslu kr. 317.000 og að auki kr. 105.000 fyrir hvern fund sem hann situr. Einnig er lagt til að formenn undirnefnda stjórnna fá kr. 65.000 á mánuði og aðrir nefndarmenn kr. 45.000 á mánuði.

7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Tillaga félagsstjórnar um að framlagða starfskjarastefna félagsins var samþykkt. Um er að ræða minniháttar breytingu frá núverandi útgáfu. Breyting felur í sér að stjórn sé heimilt, en ekki skylt, að setja á stofn langtímahvatakerfi í formi kaupréttar. Starfskjarastefnan er aðgengileg á vefsíðu félagsins.